

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN STJÓRNAR 2020 - 2021

Hlutverk LUF:

1. Að vera samstarfs- og samráðsvettvangur frjálsra ungmennafélaga sem starfar óháð pólitískum, trúarlegum og efnahagslegum þrýstingi.
2. Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum frjálsra ungmennafélaga og vera málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum.
3. Að efla ungmennastarf og umræðu um málefni ungs fólks á Íslandi.
4. Vera fulltrúi aðildarfélaganna í margvíslegu alþjóðasamstarfi.
5. Að framkvæma samkvæmt vilja aðildarfélaganna og veita þeim ekki samkeppni í starfi þeirra.

Markmið LUF:

1. Að tala fyrir hagsmunum ungs fólks á Íslandi.
2. Að vernda og efla réttindi ungs fólks og bregðast við þegar þau eru virt að vettugi.
3. Að stuðla að valdeflingu ungs fólks í samfélaginu.
4. Að efla samstarf og miðlun upplýsinga meðal aðildarfélaga.
5. Að veita aðildarfélögum upplýsingar um málefni og félagsstörf ungs fólks á innlendum sem og erlendum vettvangi.
6. Að efla samskipti og samvinnu ungs fólks á Íslandi við ungt fólk um heim allan.
7. Að koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna þegar um sameiginleg hagsmunamál þeirra er að ræða,
8. Að vera málsvari aðildarfélaga gagnvart alþjóðlegum stofnunum og samtökum þegar þess er þörf.
9. Að stuðla að umræðu og þekkingarsköpun um málefni ungs fólks.

Þessi hlutverk og markmið ætla LUF að rækja með því að starfa sem öflugt hagsmunafélag ungs fólks á Íslandi. Stjórn hefur sett sér sértækari og mælanlegri markmið til að þjóna tilgangi sínum og vinna að ofangreindum markmiðum sambandsins.

Framkvæmdaáætlun 2020-2021 skiptist í sex meginstoðir: 1) lögbundna ábyrgð, 2) réttindi ungs fólks, 3) þátttaka ungs fólks, 4) sjálfstæði ungs fólks, 5) sterk ungmennafélög og 6) alþjóðastarf. Undir stoðunum er jafnframt vísað til viðeigandi Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem markmið stjórnar falla undir og er það einn liður stjórnar í að innleiða Heimsmarkmiðin inn í alla starfsemi LUF. Sértæk markmið stoðanna miðast við lög, stefnu og alþjóðlegar skuldbindingar.

1. Lögbundin ábyrgð

Lögbundin ábyrgð stjórnar er grunnstoð félagsins og skal stjórn standa undir þeirri ábyrgð undantekningalaust. Stjórn er skylt að uppfylla neðangreind markmið í því skyni að skapa fullnægjandi vettvang fyrir aðildarfélögin til að taka virkan þátt í ákvarðanatöku og stefnumótun í þeim málum sem snerta starfsemi frjálsra félagasamtaka sem leidd eru af ungu fólki og í þágu ungs fólks.



G_míXi f'ghOÆbUF.'

❑ 1.) Halda stjórnarfundum hálfsmánaðarlega

Stjórnarfundir skulu haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega. Þar tekur stjórn ákvarðanir um þau mál sem til umræðu eru hverju sinni, fylgir eftir yfirstandandi verkefnum, ræðir þær hugmyndir sem upp koma ásamt því að sinna verkefnum og daglegum störfum LUF í samræmi við framkvæmdaáætlun þessa.

❑ 2.) Halda fjóra leiðtogaráðsfundi á starfstímabilinu

Leiðtogaráð LUF fer með æðsta vald félagsins milli sambandsþinga og tekur allar meiriháttar ákvarðanir um starfsemi LUF. Vettvangurinn skal einnig nýttur til samráðs og upplýsingamiðlunar.

❑ 3.) Halda Sambandsþing

Árlegt Sambandsþing LUF verður haldið í lok febrúar ár hvert. Þar er lögð rík áhersla á umræðu- og tillögurétt aðildarfélaganna, starfsemi þeirra og LUF er til umræðu. Þar eiga sæti þrjú fulltrúar frá hverju aðildarfélagi LUF.

2. Réttindi ungs fólks

Í stefnu LUF sem samþykkt var á sambandsþingi 2018 er réttindi ungs fólks ein af megináherslunum, en undir það fellur félagsleg samlögun og kynjajafnrétti. Í stefnu kemur fram að ungt fólk stendur frammi fyrir mismunun þegar kemur að aðgengi að borgaralegum-, efnahagslegum- og félagslegum réttindum. Horfast þarf í augu við að ungt fólk er jaðarsett vegna aldurs og er oft berskjaldaðasti hópur samfélagsins. Líta þarf til þess að ungmenni yfir 18 ára aldri njóta ekki sérstakrar lagalegrar verndar Barnasáttmálans og þarf því sérstaka athygli. Auk þess er samfélagshópurinn „ungt fólk“ fjölbreyttur og innan hans eru jaðar- og minnihlutahópar sem standa frammi fyrir margbættri mismunun.



AUF_a] ghOEbUF.

❑ 4.) Fylgja eftir endurskoðun á Æskulýðslögum

Þar sem Æskulýðslög frá árinu 2007 samrýmast LUF og aðildarfélögum þess illa hefur LUF beitt sér fyrir endurskoðun á lögnum í heild, ásamt þeim skilgreiningum sem þar er að finna. Þar sem vinna er hafin hjá Æskulýðsráði við mótn stefnu til næstu tíu ára telur LUF augljóst að samhliða því þurfi að endurskoða æskulýðslög. LUF mun beita sér af krafti fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegar eru svo félög undir regnhlíf LUF fái sem best notið sín. Lögin hafa gert LUF torvelt að starfa í málaflokknum og ná markmiðum sínum. Félagið telur t.a.m. mikilvægt að gerður sé greinarmunur á þörfum 6 og 25 ára ungmenna. Einnig að það virðist sem svo að lögin geri ekki ráð fyrir hagsmunastarfi og því mikilvæga ungmennastarfi sem felst í að vernda og efla eigin réttindi og stuðla að aðkomu að ákvarðanatöku. Þá mun LUF berjast fyrir því að í Æskulýðsráði verði ungmenni í meirihluta, í ljósi þess að hlutverk ráðsins er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum.

❑ 5.) Vinna heildstæðra stefnu í málaflokknum

LUF hefur lengi gagnrýnt stefnuleysi stjórnvalda og barist fyrir heildstæðri stefnu í málefnum ungs fólks (e. National Youth Policy), líkt og flest lönd hafa sett sér. Sú stefna sem unnið er að innan Æskulýðsráðs mun því miður einskorðast við ungmennastarf (e. Youth Work) og telur LUF hana eina og sér ekki nægja. Félagið mun halda áfram að þrýsta á að íslensk stjórnvöld setji sér slíka stefnu með virkri aðkomu LUF og aðildarfélaganna. LUF mun í samráði við stjórnvöld vinna heildstæða stefnu í málaflokknum.

❑ **6.) Berjast fyrir félagafrelsi ungmenna**

LUF mun halda áfram baráttu sinni gegn óréttmætri og ólöglegri geðbottaákvörðin Ríkisskattstjóra (RSK) sem hamlar félagafrelsi og kemur í veg fyrir virka þátttöku ungmenna í starfi frjálsra félagasamtaka. En stofnunin hefur hafnað einstaklingum undir 18 ára aldri um stjórnarsetu í almennum félögum. Þetta telur stjórn LUF ganga gegn stjórnarskrárvörðum réttindum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. LUF kærði ákvörðun RSK til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins en niðurstaða ráðuneytisins olli miklum vonbrigðum. Næsta skref er því að leita álits Umboðsmanns Alþingis á réttmæti ákvörðunarinnar og málsmeðferðinni í heild.

❑ **7.) Móta samráðsvettvang í samstarfi við Félagsmálaráðuneytið**

LUF hefur efnt til samstarfs við Félagsmálaráðuneytið með það að markmiði að auka samráð stjórnvalda við ungt fólk. Í samningnum felst að LUF er ætlað að móta tillögur að leiðum til að ná fram auknu samráði. LUF mun beita sér fyrir því að félagið og aðildarfélög þess verði lykilaðilar í því samráði og hafi þar fastmótað hlutverk sem réttmætir talsmenn ungs fólks á Íslandi.

❑ **8.) Endurnýja stefnu LUF, móta vinnuáætlun og leggja grunn að þróunaráætlun**

Ráðist var í vinnu við stefnumótun LUF árið 2017 með náinni aðkomu fulltrúa aðildarfélaga LUF í leiðtogaráði. Á grundvelli þeirrar vinnu var unnin stefna félagsins sem samþykkt var á sambandsþingi LUF þann 25. febrúar 2018. Stjórn LUF telur tímabært að endurskoða stefnuna og uppfæra hana. Þá telur stjórn einnig mikilvægt að stefnan sé hugsuð til langs tíma og unnið sé að henni markvisst með vinnuáætlun nokkur ár fram í tímann. Að auki er það lögbundin skylda stjórnar að móta framkvæmdaáætlun hvers starfsárs sem sér til þess að unnið sé að settum markmiðum. Stjórn kemur til með að leggja grunn að þróunaráætlun LUF sem skilgreinir hvert LUF stefnir sem félagasamtök og hvernig leiðtogaráð vill sjá félagið í framtíðinni.

3. Þátttaka ungs fólks

Önnur megináherslan í stefnu LUF er þátttaka ungs fólks. Undir það fellur lýðræðisþátttaka, valdefling, fræðsla og nauðsynleg þátttaka ungs fólks í að stuðla að sjálfbærri þróun. Í stefnu segir að félagsleg útilokun, ójafnrétti og aldursfordómar hindra ungu fólki að njóta virkrar og raunverulegrar þátttöku. Ungt fólk er gagnrýnið á stjórnkerfið, tekur síður þátt í hefðbundnum stjórnmálum og er ólíklegast til að kjósa. Ungt fólk kys fremur nútímalegri aðferðir til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Aðgengi ungs fólks að stefnumótun og ákvarðanatöku samfélagsins er nauðsynlegt ef lýðræði á að þrífast. Ungmennafélög spila lykilhlutverk í að stuðla að samfélagsþátttöku ungs fólks og lýðræðislegri borgaravitund.



AUF_a] 'ghOEBUF.'

❑ 9.) Þróá #ÉgKýs áfram

Í samráði við SÍF mun LUF þróá #ÉgKýs verkefnið áfram og hefja undirbúning fyrir skuggakosningar 2021. Verða þær framkvæmdar í fjórða sinn. Lýðræðisvika og skuggakosningar í framhaldsskólum munu fara fram fyrir næstu þingkosningar. Markmiðið snýr eins og áður að því að auka kosningaþátttöku og lýðræðisvitund ungs fólks. Á þessu starfsári mun LUF óska eftir samstarfssamningum við hagaðila og skipuleggja samráðsvettvang LUF og SÍF.

❑ 10.) Lækkun kosningaaldurs

LUF mun áfram berjast fyrir lækkun kosningaaldurs og tala fyrir því að kosningaaldur verði lækkaður niður í 16 ár samhliða öðrum breytingum á stjórnarskrá. LUF mun halda áfram að beita sér af krafti til að tryggja að 16 og 17 ára ungmenni hljóti kosningarétt.

❑ 11.) Rekstur leiðtogaskóla

LUF skal vera leiðandi í mannréttinda- og lýðræðisfræðslu í gegnum sjálfbæðastarf, námskeið, vinnustofur og annað óformlegt nám. LUF mun standa fyrir virku námskeiðahaldi auk fræðslu um málefni og starfsemi ungmennafélaga með rekstri Leiðtogaskóla Íslands (LSÍ). Í leiðtogaskólanum verður boðið upp á ýmis námskeið sem nýtast starfi aðildarfélaganna og meðlimum þeirra. Lagt er upp með að námskeiðin auki getu meðlima aðildarféлага til að sinna hagsmunagæslu og efli leiðtogahæfni þeirra. Skólinn verður starfræktur í samræmi við reglugerð skólans sem samþykkt var á 4. leiðtogaráðsfundi 29. janúar 2019 og með áherslu á jafningjafræðslu mun LUF leitast við að þróá Þjálfarateymi LUF áfram.

❑ 12.) Halda skuggaþing

LUF mun fylgja eftir tillögu frá ungliðahreyfingum stjórn málaflökkanna sem samþykkt var á 3. leiðtoga ráðsfundi þann 12. nóvember 2018 um að halda #ÉgKýs verkefninu áfram á milli kosninga í formi skuggaþings (eða ungliðaþings). En það felur í sér að herma eftir störfum Alþingis og hefur það að markmiði að halda gildum #ÉgKýs á lofti. LUF mun einnig leitast við að efla útgáfu um verkefnið til að miðla niðurstöðum eftirfylgnirannsókna sem hafa verið framkvæmdar í samstarfi við fræðasamfélagið. Er þetta gert til þess að mæta markmiði félagsins um að stuðla að þekkingarsköpun um málefni ungs fólks, í þessu tilviki um lýðræðisþátttöku og kosningahegðun.

4. Sjálfstæði ungs fólks

Þriðja megináhersla í stefnu LUF er sjálfstæði ungs fólks, en undir hana falla heilbrigðis-, atvinnu-, mennta- og húsnæðismál. Í stefnunni segir að það þurfi að viðurkenna að kynslóðirnar sem nú vaxa úr grasi ná fullu sjálfstæði seinna en fyrri kynslóðir sem veldur því að fólk í dag á það til að festast í millibilsástandi - í ferlinu á milli forræði og sjálfstæðis. Vakin er athygli á því að geta ungs fólks til að taka fulla ábyrgð á eigin lífi eftir 18 ára aldur, lýðræðisleg borgaravitund og aðgengi að félags- og efnahagslegum réttindum helst í hendur. Ef þörfum ungs fólks er ekki mætt er hætta á að trú ungs fólks á lýðræði bresti.



AUF_a] ghæbUF.

❑ 13.) Fjármagna rannsóknir um „sjálfstæði ungs fólks“

„Sjálfstæði ungs fólks“ var kosið þema ársins á sambandsþingi 2018. Í ljós kom þörfin fyrir upplýsingar um efnið áður eru LUF getur farið í frekari vinnu tengdri sérstakri stefnuályktun. Því mun stjórn fjármagna rannsóknir háskólanema sem stuðla að þekkingarsköpun og afla frekari upplýsinga um stöðu ungs fólks. Enn fremur er markmið stjórnar að nýta þá þekkingu sem skapast við stefnumótun, jafnt innan félagsins sem og hjá stjórnvöldum og nota þann grundvöll til að knýja fram nauðsynlegar samfélagsúrbætur.

5. Sterk ungmennafélög

Fimmta megináherslan í stefnu LUF er að leggja áherslu á að vinna að sjálfstæði ungmennafélaga. Er þessi áhersla jafnframt ein megináhersla Evrópska ungmennavettvangsins (e. European Youth Forum). Þá er þar sérstaklega átt við mikilvægi þess að stjórnvöld styðji við hagsmuna- og félagsstörf ungs fólks, bæði félags- og fjárhagslega.



AUF_a] 'ghOEbUF.

14.) Berjast fyrir jafnræði fjáruþlutana

Stjórn LUF mun koma til með að beita sér fyrir auknum og sanngjörnum framlögum hins opinbera til ungmennafélaga. Þá mun stjórn krefjast þess að rekstrargrundvöllur LUF og aðildarfélaganna sé tryggur. LUF mun beita sér gegn hvers lags ójöfnuði við úthlutun styrkja úr samkeppnissjóðum sem hugsaðir eru fyrir ungmennafélög. Þá mun LUF beita sér fyrir því að félög sem ekki eru á fjárlögum hafi forgang að slíkum styrkjum enda hafa þau minna bolmagn til að standa straum af sinni starfsemi. Á sambandsþingi LUF 2017 kom fram tillaga frá þingfulltrúum þess efnis að stjórn vinni úttekt á fjárhagsstöðu aðildarféлага. Kom þessi tillaga til eftir að ljóst var að mörg félög stríða við mannauðs- og fjárhagsskort.

15.) Halda „Félaga ársins“ 2020

Tilgangurinn með viðburðinum er að félagsmenn kynnist, stuðla að samvinnu aðildarféлага, umbuna fyrir vel unnin störf og hita upp fyrir sambandsþing. „Félagi ársins“ er viðurkenning (farandbikar) fyrir sjálfboðastarf innan aðildarféлага LUF og er heiðraður fyrir að hafa tekið óeigingjarna forystu og sýnt alúð í starfi í þágu ungs fólks á árinu. Hvert aðildarfélag getur tilnefnt einn framúrskarandi félagsmann til Félaga ársins.

16.) Útgáfa verkfærakistu

Stjórn mun gefa út verkfærakistu ungmennafélaga (e. Toolkit for Youth NGOs) sem verður hugsuð sem gagnasafn fyrir ungmennafélög. Verkfærakistan verður unnin með þarfir aðildarfélaganna í huga þar sem öllum hagsmunaaðilum er frjálst að bæta við hana nytsamlegum verkfærum. Markmiðið með kistunni er að styrkja störf ungmennafélaga, styðja við innra starf þeirra og safna saman öllum þeim upplýsingum sem eru hjálplegar fyrir starf þeirra. Kistan verður hýst á vefsvæði LUF: luf.is. Vonast er eftir því að kistan muni nýtast öllum þeim sem starfa við og fást við stjórnun og rekstur félagasamtaka ungs fólks. Með þessu mun stjórn bregðast við þeirri miklu eftirspurn eftir slíku hagnýtu efni.

- ❑ **17.) Þarfagreina starfsemi ungmennafélaga utan höfuðborgarsvæðisins**
Á 4. leiðtogaráðsfundi LUF starfsárið 2019-2020 óskaði stjórn eftir tillögum frá aðildarfélögunum um áherslur fyrir framkvæmdaáætlun. Þar kom fram að félög ungs fólks á landbyggðinni ættu erfitt uppdráttar og að margvísleg vandamál sem hamla félagsstarfi þeirra. Mun stjórn LUF því ráðast í þarfagreiningu í samvinnu við aðildarfélögin til að kortleggja helstu vandamálin sem þau glíma við í sínu starfi.

❑ **18.) Móta sjálfbærnistefnu LUF**

Í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna vill LUF stuðla að sjálfbæru samfélagi og leggja sitt að mörkum við innleiðingu heimsmarkmiðanna. Í því ljósi mun LUF setja sér sérstaka sjálfbærnistefnu sem ætlað er að tryggja sjálfbærni í rekstri, aðgerðum, stefnumótun og áætlanagerð. Með því telur stjórn LUF að tryggja megi að sjálfbærni verði rauður þráður í allri starfsemi félagsins. Sjálfbærnistefna LUF mun einnig nýtast sem fyrirmynd fyrir önnur félög og mun stjórn t.a.m. hvetja öll aðildarfélög LUF til að innleiða sjálfbærnistefnu í sitt starf og aðstoða við gerð og framkvæmd slíkrar stefnu.

6. Alþjóðastarf

LUF er aðili að Evrópska ungmennavettvangnum (YFJ) og hefur því skyldum að gegna gagnvart þeim heildarsamtökum. LUF er jafnframt aðili að Norðurlanda- og Estrasaltsríkjabandalaginu „Nordic Baltic Cooperation“ (NBC). LUF hefur alltaf lagt ríka áherslu á alþjóðlega samvinnu, sem hefur eflst að undanförunu og verður haldið áfram af krafti. Þá jukust alþjóðlegar skuldbindingar töluvert árið 2017 og á LUF enn fulltrúa í Ráðgjafaráði Evrópuráðsins í málefnum ungs fólks (e. Advisory Council on Youth to the Council of Europe). Enn hefur aukist í alþjóðlegum skuldbindingum félagsins en árið 2019 kom LUF á fót ungmennafulltrúum Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í samstarfi við utanríkisráðuneytið, umhverfissráðuneytið og forsætisráðuneytið og hefur nú tryggt framgang verkefnisins með þjónustusamningi við utanríkisráðuneytið. Þar að auki hefur félagið tekið frekari þátt í málefnastarfi Sameinuðu þjóðanna en félagið hélt m.a. alþjóðlega ráðstefnu um líffræðilegan fjölbreytileika með áherslu á hafið í byrjun árs 2020. Því samhliða hefur LUF tekið virkan þátt í mótun nýs samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika.



- ❑ **19.) Fullskipa sendinefnd íslenskra ungmenna hjá Sameinuðu þjóðunum**
Sem þáttur í innleiðingu Heimsmarkmiðanna og framþróun alþjóðastarfs LUF verður sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum (e. UN Youth Delegation Programme) formfest.. Á starfsárinu 2019-2020 undirritaði stjórn LUF samstarfssamning við utanríkisráðuneytið um fyrirkomulagið sem LUF annast við skipun Ungmennafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum ásamt því að kynna Heimsmarkmiðin, sinna vitundarvakningu, fræðslu- og upplýsingastarfi um þróunarstarf.. Mun sendinefnd LUF gegna lykilhlutverki í þeirri vinnu. Stjórn LUF mun því vinna að því að koma upp fullskipaðri sendinefnd á starfsárinu.
- ❑ **20.) Fylgja eftir tillögum um varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika**
LUF stóð fyrir vinnustofu og ráðstefnu til að fá fram áherslur ungs fólks fyrir gerð nýs samnings SP um aðgerðir til að stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika (e. Convention on Biological Diversity (CBD)). Stjórn LUF mun halda þeim tillögum sem þar komu fram til streitu og sjá til þess að þeim verði komið á framfæri og nái eyrum stjórnvalda, m.a. með beinni aðkomu fulltrúa LUF að ráðstefnu aðildarríkja SP í Kína þar sem samningurinn kemur til með að vera samþykktur.

Í samráði við fulltrúaráð hefur stjórn og starfsfólk LUF heimild til að takast á við tilfallandi verkefni sem samræmast hlutverki, markmiðum og stefnu LUF.

Tillaga að framkvæmdaáætlun 2020-2021 var lögð fram til umræðu á sambandsþingi LUF 29. febrúar 2020. Hún hefur verið mótuð frekar af stjórn kjörtímabilsins 2020-2021 og samþykkt á fyrsta stjórnarfundum þann 10. mars 2020. Framkvæmdaáætlunin verður borin undir Leiðtogaáætlun LUF til samþykktar á fyrsta fundi þess, sem varð að fresta sökum heimsfaraldurs Covid 19.